Markaðspunktar

Arion banki

Arion banki * Greiningardeild * greining@arionbanki.is * arionbanki.is

Markaðspunktar í dag:

- Stefnubreyting framundan hjá Seðlabankanum?

Stefnubreyting framundan hjá Seðlabankanum?

Á vaxtaákvörðunarfundi í gær kom fram í svörum Seðlabankastjóra að töluverð óvissa væri með vaxtastefnu bankans þar sem lausn virðist ekki enn í sjónmáli á Icesave deilunni. Þannig taldi hann að óvissunni yrði að létta og það gæti gerst með tvennum hætti,

1) **Icesave deilan leysist** – aðgangur að lánum frá AGS og Norðurlöndunum yrði þar með tryggð og hægt væri að fylgja áfram þeirri efnahagsáætlun sem nú lægi fyrir og þar með fljótlega taka fyrstu skref við afnám hafta. Í framhaldi yrði að móta þá stefnu hversu stór skref tekin yrðu við afnám hafta annars vegar og lækkun vaxta hins vegar (mat Seðlabankastjóra var að æskilegra væri að taka stærri skref við afnám hafta heldur en að leggja áherslu á lækkun vaxta).
2) **Icesave deilan dregst á langinn** – alþjóðleg fjármögn myndi þar með ekki vera tryggð. Ný efnahagsstefna yrði þá líklega mótuð sem miðaði af því að afnámi gjaldeyrishafta yrði skotið á frest um einhvern tíma. Slíkt gæfi þannig svigrúm peningastefnunefndarinnar til að lækka vexti í stærri skrefum og fara með vextina lengra niður.


Vaxtaferill Seðlabankans á næstu mánuðum mun byggja á því hvora leiðina verður farin. Til að skoða betur hvaða þýðingu þetta mun hafa fyrir skuldabréfamarkaðinn eru hér að neðan settir fram tvenns konar ferlar sem byggja á stýrivaxtaferlum miðað við mismunandi vaxtagólf.

Til einföldunar er gert ráð fyrir að vextir fikri sig niður með 50 punkta lækkun á hverjum settum vaxtafundum og að langtímavextir endurspegli vaxtavæntingar fjárfesta (þ.e. þeir eru settir jafnt og langtímavextir).

Efri vaxtaferill – innlánsvextir lækka um 150 punkta til viðbótar og ná lágmarki í 6% á 3F 2010.
Neðri vaxtaferill – innlánsvextir lækka um 250 punkta til viðbótar og ná lágmarki í 5% á 4F 2010.

(Hér er gert ráð fyrir að vaxtagólfið liggi á bilinu 5-6% en ummæli Seðlabankastjóra hafa gefið í skyn að hann telji eðlilegt að vextir nái lágmarki á þessu vaxtabili).

Óverðtryggða krafan liggur nánast á efri vaxtaferli Greiningardeildar og gera markaðsaðilar þannig ráð fyrir að vextir botni í kringum 6% í dag. Dragist Icesave deilan hinsvegar á langinn gæti trúin á breytta vaxtastefnu hjá Seðlabankanum aukist. Mögulega munu línurnar í Icesave málinu skýrast á næstu vikum.



Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6964
Þórhallur Ásbjörnsson	thorhallur.asbjornsson@arionbanki.is	444-6967

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Jónsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is